

Seltjarnarnesbær
Hervör Pálsdóttir
Austurströnd 2
170 Seltjarnarnes

Reykjavík 4. mars 2021
UST202102-042/A.B.
10.04.02


Efni: Tillaga- Breyting á aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 og á deiliskipulagi við Kirkjubraut

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Seltjarnarnesbæjar er barst 2. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 og deiliskipulag við Kirkjubraut.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að íbúðarsvæði ÍB-1 er stækkað vegna nýrrar lóðar fyrir búsetukjarna fatlaðra við Kirkjubraut.


Í greinargerð kemur fram að Kollur Valhúsahæðar er á C-hluta náttúruminjaskrár og er svæðið er á náttúruminjaskrá vegna útivistargildis og útsýnis. Í greinargerð kemur fram að opna svæðið OP-6 minnkar um 1,5% og tenging milli kolls Valhúsahæðar og Bakkagarðs þrengist nokkuð, en þó ekki svo að útivistargildi skerðist.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur